# Fundargerð

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Viðstaddir

| | | |
|---|---|---|
| Páll B. Guðmundsson | PBG | SSH |
| Ómar Einarsson | ÓE | ÍTR |
| Þorvaldur Daníelsson | ÞD | Form Skíðasvæðanna |
| Magnús Árnason | MÁ | Skíðasvæðin |
| Guðmundur Sverrisson | GS | Hafnarfjörður |
| Einar K. Stefánsson | EKS | VSÓ Ráðgjöf |

Forfallaðir

Ásthildur Helgadóttir

30.11.2023

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tilefni

**Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum**

Fundur fimmtudaginn 30.11.2023 kl. 09:00.

## 1 Síðasta fundargerð

Síðasta fundargerð samþykkt.

## 2 Fjárhagsstaða og framkvæmdaáætlanir

EKS fór yfir bókaða reikninga til loka október og áætlun um eftirstöðvar.

Óvissa er enn um niðurstöðu í nokkrum málum s.s. heimtaugargjöldum Veitna, samningum um viðbótarverk o.fl. Með fyrirvara er áætluð útkomuspá ársins samkvæmt áætlunum.

Á næsta ári eru áætlaðar 250 m.kr í lokagreiðslu til Doppelmayr (235 m.kr) og 15 m.kr. í undirbúning og áætlanagerð vegna framkvæmda í Skálafelli 2025-2028 og annað.

## 3 Snjóframleiðsla 1. áfangi

Framkvæmdum er lokið en unnið að síðustu prófunum/mælingum og ýmsum minniháttar úrbótum/lagfæringu í kjölfar fyrri prófana, frágangi á verkstað o.fl. Áætlað er að verkinu ljúki í næstu viku.

Farið var yfir minnisblað EKLS um valkosti og kostnað við öryggisgirðingu umhverfis forðalón.

- ⇨ Samþykkt tillaga EKS um girðingu skv. valkosti 3. Kostnaður vegna þess er um 7.5 m.kr sem innifalinn í útkomuspá skv. lið 2.

Lóðarleigusamningur milli Kópavogsbæjar, Skíðasvæðanna og Forsætisráðuneytisins bíður undirritunar í Forsætisráðuneyti. Samningurinn er forsenda samnings milli Skíðasvæðanna og Veitna um afnot og greiðslu fyrir spennarými sem byggð var samhliða stjórnstöð snjóframleiðslunnar.  Æskilegt er að klára hvorutveggja á árinu þ.a. loka megi uppgjöri verksins.

## 4 Bláfjöll. Víxla/opnun

Stefnt er að formlegri víxlu nýju lyftanna og snjóframleiðslukerfann í Bláfjöllum laugardaginn 09.12 kl. 11:00.

PBG og MÁ annast boðun og undirbúning.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

## 5 Skálafell

EKS hefur rýnt hönnun endurbóta á aðkomuvegi Skálafells. Vegurinn er með 2x3.0m akreinum og 0.5m öxlum sem malbikaðar eru út í 0.4m. Heildarbreidd vegar milli axla 0.7m. EKS hefur bent á að vegurinn sé í knappasta lagi og óskað eftir að Vegagerðin í hugi að auka vegbreidd almennt, eða a.m.k. að settar verði breiddaraukningar í beygjum og/eða á bröttum köflum. Þá kunni að vera kostur að malaröxl sé breiðari til að grípa bíla í mikilli hálku.

## 6 Næsti fundur

Boðar síðar.

Einar K. Stefánsson

*Dreifing:* Fundarmenn

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026